



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

### Fréttatilkynning

27. mars 2024

## Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### Annar ársfjórðungur 2024

- Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **30-40** ma.kr. að söluvirði.
- Nýr óverðtryggður flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2027 verður gefinn út á ársfjórðungnum og verður stefnt á viðskiptavakt með flokkinn.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir flokkar ríkisbréfa og mun stærð flokka og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

### Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2024 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 120 ma.kr. að söluvirði á árinu<sup>1</sup>. Útgáfa á fyrsta ársfjórðungi nam 44,2 ma.kr. að söluvirði og vantar því 75,8 ma.kr. upp á að markmiðum í lánamálum fyrir yfirstandandi ár verði náð.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **30-40** ma.kr. Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan flokk með gjalddaga 2027. Lánaskilmálar flokksins verða tilkynntir síðar.

### Uppkaup

Framhald verður á beinum kaupum á RIKB 24 0415 á eftirmarkaði.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.